



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – HAFNARHÚS



1/2 - 9/3 2003

Jón bóndi Bjarnason, mannakyn og meiri fræði
Farmer Jón Bjarnason, Mankind and more Wisdom

LÝSIR / Illuminata



Mynd úr "Mannakynflokkur" Jóns bónda
Illustration from the category "mankind" by farmer Jón

LÝSIR

Jón bóndi Bjarnason, mannakyn og meiri fræði

Í gegnum aldirnar hafa Íslendingar verið miklir áhugamenn um texta og textagerð. Íslensk handrit frá miðöldum eru víða fagurlega skreytt og áberandi hve vel síðurnar eru skipulagðar; hið sama má raunar einnig segja um fjölda handrita frá síðari öldum. Á miðöldum var unnið á kálfskinn með ænum tilkostnaði, en eftir síðaskiptin fór í auknum mæli að vera mögulegt að skrifa á innfluttan pappír. Um sama leyti hófst prentverk á Íslandi, en fyrstu aldir íslenskrar prentiðnar voru nánast eingöngu gefnir út trúarlegir textar.

Þrátt fyrir að prentaðar bækur væru fánlegar var haldið áfram að skrifa handrit langt fram á 20. öld. Uppistaðan í ritverkum sem þannig gengu manna í millum var sem fyrr trúarlegt efni, en frá 17. öld tók þó fjölbreyntni að vaxa. Enn er til fjöldi handrita frá síðari öldum sem hafa að geyma efni eins og lagatexta úr Jónsbók, skemmtiefni, sagnfræði, dulspeki og ýmis konar vísindaiðkan.

Oft hefur verið talað um íslenska myndlistarsögu þannig að hún hafi byrjað um aldamótin 1900, þegar Þórarinn B. Þorláksson hélt sína fyrstu málverkasýningu í Reykjavík. Þar með er gefið í skyn að nær ekkert verðugt myndefni sé að finna frá fyrri öldum og óþarf að fjalla sérstaklega um það. Þetta er auðvitað mikil einföldun og alrangt því íslensk myndlistarsaga er jafngömul þjóðinni; myndlýsingar í miðaldahandritum eru aðeins einn hluti af þeim arfi sem sýnir fram á þetta, en á því sviði biður enn mikið efni frekari rannsókna.

Illuminata

Farmer Jón Bjarnason, Mankind and more Wisdom

Icelanders have for centuries been great enthusiasts for texts and writing. Icelandic manuscripts from the Middle Ages are often beautifully decorated and it is striking how well the pages are organized; the same can also be said about many earlier manuscripts. In the Middle Ages the manuscripts were written on calfskin, which was very expensive, but after the Reformation in the 16th century the use of imported paper became increasingly common. Printing technology came to Iceland around the same time, but during the first centuries of Icelandic printing the publications were almost exclusively of a religious nature.

Hand-written manuscripts continued to be made well into the 20th century despite the availability of printed books. The majority of the written material that was passed among people in the form of manuscripts continued to focus on religious issues, but from the 17th century onwards the variety in the manuscripts began to increase. There still exist a great number of manuscripts from later centuries that contain material such as legal texts from Jónsbók (Icelandic Law Book), entertainment stories, history, mysticism and all kinds of scientific observations.

Icelandic art history is often presented in a way that leads us to think that it essentially began around the year 1900, when Þórarinn B. Þorláksson held his first exhibition of paintings in Reykjavík. This implies that almost no visual material of any artistic value exists from previous centuries, at least none worth examining. This is of course an oversimplification and entirely incorrect, because Icelandic art history is as old as the nation itself; illuminations in medieval manuscripts are only one part of the heritage that bears witness to this, but a lot of work in the field awaits further research.

Icelanders have long prided themselves on the medieval manuscripts, but manuscripts from later centuries are an unrecognized treasure in Icelandic cultural history. These have not been studied to the same extent as the medieval manuscripts, and it is only in recent years that they have been specifically examined with regard to the illuminations.

Illuminata is the name given to the project that was established for the purpose of creating a database of visual art in Icelandic manuscripts. The project is supported by people interested in the field, the Árni Magnússon Institute in Iceland and the Reykjavík Art Museum. The aim of the project is to examine and photograph Icelandic manuscripts for the purpose of enabling artists, scholars, students and the general public access to the little known aspects

Íslendingar hafa lengi stært sig af miðaldahandritunum, en handrit síðari alda eru lítt þekktur fjársjóður í íslenski menningarsögu. Þau hafa ekki verið rannsökuð að sama marki og miðaldahandritin, og það er fyrst á síðustu árum sem hafist hefur verið handa við að rannsaka þau með sérstöku tilliti til þess myndefnis, sem þar væri að finna.

Lýsir er heitið á verkefni sem sett var á stofn með það að markmiði að búa til gagnagrunn um myndlist í íslenskum handritum. Að verkefninu stendur áhugafólk um þessi málefni, Árnastofnun og Listasafn Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að rannsaka og ljósmynda íslensk handrit í þeim tilgangi að auðvelda aðgengi myndlistarfólks, fræðimanna, nemenda og almennings að þeim lítt þekktu þætti myndlistarsögu þjóðarinnar sem þar er að finna.

Hafist var handa í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni í byrjun árs 2001, en safnið greiddi góðfúslega götu verkefnisins með því að láta starfsmönnum Lýsis í té aðstöðu í safninu. Fljótlega kom í ljós að í handritum síðari alda í safninu er að finna gríðarlegt magn myndefnis; má gera ráð fyrir að í eitt hundrað handritum séu yfir þúsund myndir.

Þó að handritin séu víða fagurlega skreytt eru höfundar þeirra sjaldnast þekktir. Ýmsum þótti skraut og flúr hálfgerður hégómi og sérviska hvar sem það kom fyrir, og sér þess merki víða í handritunum að blað er skorið langt inn í falllega skreytingu til að þvinga síðuna inn í bókband. Engum hefði dottið í hug að fara þannig með texta.

Í fyrsta áfanga verkefnisins var ákveðið að fara yfir handrit úr bókasafni Hins íslenska bókmenntafélags. Handritin sem um ræðir eru frá því um síðaskiptin og fram á miðja nítjándu öldina. Hundruð handrita hafa nú þegar verið skoðuð, skrásett og mynduð, en mikið verk er framundan.

Fingálfínshugmynd Jóns bónda í A. Monster illustrated by farmer Jón



of Icelandic art history reserved in the manuscripts. The work began in the National and University Library of Iceland in the beginning of 2001, as the Library generously supported the project by providing work facilities in the Library for illuminata researchers. An immense amount of illuminations soon came to light and over one thousand illuminations are estimated to be found in just one hundred manuscripts.

Even though the manuscripts are beautifully decorated, the artists are seldom known. Many thought that illuminations and flourish represented a kind of frivolity or eccentricity wherever they were found, and evidence of this can be seen in many manuscripts, as when a beautiful illumination has been cut simply to force the page into the binding. No one dared mangle a page of text in such a way.

In the first phase of the project it was decided to examine the manuscripts from the collections of the Icelandic Literary Society. These manuscripts date from the middle of the 16th century to the middle of the 19th century. Hundreds of manuscripts have already been studied, registered and photographed, but a lot of work remains to be done.

Illuminata has from the beginning intended to exhibit selected material that comes to light from the research of the manuscripts. This exhibition is the first step on this road, and contains a fraction of the visual material that has been discovered. The idea is to make the database of visual materials that is being gathered from this research available to the public by next autumn, and then increase it as the work progresses.

The manuscripts of the last few centuries contain greatly varied material that has been written by the learned and laymen alike, sometimes according to their own tastes and knowledge, whether it is scholarly material, entertainment, history or science. Farmer Jón Bjarnason (1791-1861) is a good example of such writers. He was the son of Bjarni

Lýsir hefur frá upphafi haft hug á að efna til sýninga á völdu myndefni sem kæmi fram í rannsóknum á handritum. Sýningin nú er fyrsta skrefið á þeirri leið, og þar er að finna órlítið brot af því sem komið hefur í ljós. Ætlunin er að sá gagnagrunnur sem er tekinn að myndast út frá þessum rannsóknum verði opnaður almenningi næsta haust, og síðan uppfærður eftir því sem verkinu vindur fram.

Í handritum síðari alda er að finna fjölskrúðugt efni sem lærðir og leikir hafa skráð, og á stundum uppfært að eigin smekk og vitund, hvort sem um hefur verið að ræða fræðilegt efni, skemmtiefni, sagnfræði eða vísindi. Jón bóndi Bjarnason (1791-1861) er gott dæmi um slíkan handrita-höfund. Hann var sonur Bjarna Snæbjörnssonar (fóðurbróður Jóns Thorstensen landlæknis), auðugs bónda í Þórormstungu í Vatnsdal. Bjarna þótti ekki taka því að senda son sinn til mennta þrátt fyrir augljósar gáfur hans. Gisli Konráðsson lýsti Jóni á þessa leið: „Hann er hinn mesti talnafræðingur og fróður í mörgu svo, mælingum, stjórnuvísindum og eðlisfræði. Safnar hann mjög steinum fágætum og þykir undarlegur og lítt við alþýðuskap. Margt er honum og ekki lagið er öðrum er sem tíðast gefið. Hann er spurull og auðtrúa og eigi fríður sýnum, grannlegur og þunnleitur.“ Jón bóndi var þekktur á sinni tíð og naut virðingar fyrir stjarnfræðiathuganir sínar en hann ritaði einnig merkileg handrit og gerði myndir í þau.

Myndir Jóns bónda eru það sem nú á tímum er kallað „bernskar“, og því gæti mörgum þótt þær hafa meira skemmtana- og upplýsingagildi um tíðarana en listrænt gildi. Það er hins vegar einhver ljúfur og listrænn blær yfir öllu myndefni Jóns bónda, sem líklegt er að snerti ákveðna strengi í landsmönnum við upphaf 21. aldarinnar.

Á þessari sýningu getur að líta myndir frá hendi Jóns bónda Bjarnasonar og ýmissa annarra myndskreyta og skiptast verkin á sýningunni í nokkra efnisflokkar sem gert er grein fyrir í sýningarsólunum.

Það er von þeirra sem standa að Lýsi að samantekt og flokkun á þessu mikla myndefni megi verða til þess að glæða áhuga almennings á þessum áður óþekktu þætti í íslskri listasögu, sem og að benda myndlistarfólki og fræðimönnum enn og aftur á þann auð sem er að finna í íslenskum handritum síðari alda.

Þannig mun Lýsir með starfi sínu vonandi stuðla að því að smám saman verði til ný þekking sem byggir á gömlum arfi fyrir nýja tíma.

Ásrún Kristjánsdóttir,
sýningarstjóri og verkefnisstjóri Lýsis



Mynd úr ritgerð Jóns lærða um hvalakyn
From the essay of Jón "the learned" on whales

Snæbjörnsson (uncle to Jón Thorstensen, General Physician of Iceland), a wealthy farmer at Þórormstunga in Vatnsdalur in northern Iceland. Bjarni did not think it worthwhile to send his son to school, in spite of his good gifts. Gisli Konráðsson described Jón in the following way: "He is a great arithmetician and so knowledgeable in many things, measurements, astronomy and physical science. He is a great collector of rare rocks and is considered odd and not to every one's liking. He is also not capable in things others take for granted. He is inquisitive and gullible and not a handsome man, slight and bony." Farmer Jón was well known to his contemporaries and respected for his observations in astronomy and he also wrote remarkable manuscripts and did the illuminations for them.


The illuminations by Farmer Jón would now be defined as "naive", and in light of that many consider them more interesting as entertainment or evidence of the time when they were created rather than works of artistic value. On the other hand there is an air of sweetness and artistic integrity in all the illuminations of Farmer Jón that is likely to touch Icelanders in a certain way at the beginning of the 21st century.

In this exhibition there are photographs of works by Farmer Jón Bjarnason and a number of other illuminators. These are divided into a few categories that are explained further in the exhibition halls.

It is the hope of those involved with the Illuminata project that the gathering and categorization of this abundance of visual material will serve to raise the public interest in this previously unknown part of Icelandic art history, and to remind artists and scholars again of the richness that is to be found in Icelandic manuscripts from the last few centuries.

In this way Illuminata will hopefully support the gradual unearthing of new knowledge through its work, based on an inheritance of time past for times to come.

Ásrún Kristjánsdóttir,
curator, Illuminata project leader.



Úr galdrahandriti frá 18. öld / From 18th century manuscript on magic

INNGANGUR

Auður íslenskrar listasögu er meiri en marga grunar. Má þá bæði vísa til þess sem nú er lítt hampað úr myndlist 20. aldar, og þess sem er nær óþekkt af listsköpun fyrri alda.

Meðal hins nær óþekkta eru myndskreytingar í handritum síðari alda, einkum úr handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Þar er að finna mikinn fjársjóð sem fáir hafa leitað í, og því sérstakt ánægjuefni fyrir Listasafn Reykjavíkur að eiga þátt í að kynna hluta hans á þessari sýningu.

Lýsir var sett á stofn til að vinna að gerð gagnagrunns um myndlist í íslenskum handritum, og þessi sýning er fyrsta skrefið á þeirri braut. Sýningin er samstarfsverkefni Lýsis, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Listasafns Reykjavíkur, og vil ég þakka öllum hlutaðeigandi fyrir samstarfið. Valin hefur verið sú aðferð að stækka myndirnar og kynna þær sem sjálfstæð myndverk, og þannig setja þær í samhengi myndlistar almennt. Við vonum að þessi nálgun eigi eftir að vekja áhuga gesta og forvitni um frekari kynningu á þessu efni – en til þess er leikurinn auðvitað gerður.

Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

Sýningin er samstarfsverkefni:
Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Listasafns Reykjavíkur og Lýsis.
Dikta ehf styrkir þessa sýningu

INTRODUCTION

Icelandic art history is richer than many of us imagine. We can refer to those parts of 20th century art that tend to be ignored, as well as to the almost unknown artistic creations of previous centuries.

Among the almost unknown are the illuminations of manuscripts from the last few centuries, which are mostly kept in the National and University Library of Iceland. These are a great treasure that few have seen, and therefore it is a great pleasure for the Reykjavik Art Museum to take part in introducing parts of it in this exhibition.

Lýsir was established to create a database of art in Icelandic manuscripts, and this exhibition is the first step in that direction. The exhibition is the joint project of Lýsir, the National and University Library of Iceland and the Reykjavik Art Museum, and I would like to thank all those involved for their cooperation. We have chosen to enlarge the images and display them as independent works of art, thus putting them in the context of visual art in general. We hope that this approach will evoke an interest among our guests to learn more about this material – but that, of course, is the point of the exercise.

Eiríkur Þorláksson,
Director of Reykjavik Art Museum



d i k t a

Kjarvalsstaðir

Flókgötu - 105 Reykjavík

Simi/Tel: (354) 552 6131 Fax: (354) 562 6191

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00

Fastasýning / Permanent exhibition

Myndir úr Kjarvalssafni / Works from the Kjarval Collection

17. jan. – 2. mars

then ...hluti 4 – minni forma

then ...part 4 – remembered structures

Samsýning hóps ungra íslenskra og breskra listamanna.

/ Exhibition of works by a group of young London-based artists, with two Icelandic participants.

Þriðjudaginn 11. febrúar kl. 20.00

Málþing og pallborðsumræður

Hvert liggur straumurinn?

1. mars – 30. mars

Sveitungar – hausarnir að austan, Jóhannes S. Kjarval

Fellow Countrymen– Portraits from the East,

Jóhannes S. Kjarval

Í samvinnu við Kjarvalsstofu, Borgarfirði Eystri.

Joint project with Kjarvalsstofa, Borgarfjörður Eystri.

7. mars – 11. maí

Helgi Þorgils Friðjónsson

Einkasýning / Solo Exhibition

9. mars kl.15.00

Listamannsspjall

Helgi Þorgils Friðjónsson

Hafnarhús

Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík

Simi/Tel: 590 1200 Fax: 590 1201

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00

– 27. apríl

Errósafnið / The Erró Collection

Valin þemu úr safneigninni / Themes selected from the Collection

12. febr. – 9. mars

Myndbönd og gjörningar / Video and Performances

Myndbönd frá Bifrons Foundation í Amsterdam og

gjörningadagskrá í samstarfi við Listaháskóla Íslands /

Videos from The Bifrons Foundation in Amsterdam and

programme of performances as a joint project with the Icelandic Academy of the Arts.

1. febr. – 9. mars

Lýsir / Illuminata

Sýning á lýsingum úr íslenskum handritum frá siðskiptum

fram á miðja 19. öld. / Exhibition dedicated to illuminations

in Icelandic manuscripts from the 16th – 19th centuries.

24. jan. – 16. mars

Hugarleiftur - Diane Neumaier & Christos Chrissopoulos

Encounters – Diane Neumaier & Christos Chrissopoulos

Bandarísk listakona og grískur rithöfundur með sýningu

sem tengist útilistaverkum á Íslandi. / American artist and

Greek writer collaborating on a exhibition project

involving outdoor sculptures in Iceland

Ásmundarsafn

Sigtúni - 105 Reykjavík

Simi/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201

Opið alla daga 13-16 / Open daily 13-16

– 11. maí

Listin meðal fólksins / Art in Public

Höggmyndir Ásmundar Sveinssonar / Sculptures by

Ásmundur Sveinsson

Kúlan - sýningarröð þriggja listamanna / The Dome -

three artists produce installations into the Museum

16. jan. – 16. feb. Tumi Magnússon

27. feb. – 30. mars Finnbogi Pétursson

10. apríl – 11. maí Eycló Harðardóttir

Sýningarstjórn: Ásrún Kristjánsdóttir - Aðstoð við gerð sýningar: Hákon Skúlaason

Sýningarhönnun: Darri Lorenzen - Hjólverk á sýningu: Hilmar Örn Hilmarsson og Sjón